

## Tillögur um breytingar á samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins, lagðar fyrir ársfund 23. júní 2020

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun.

### I. Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins

#### II. Tillaga Halldórs Friðriks Þorsteinssonar, stjórnarmanns

#### III. Tillögur Jónasar Fr. Jónssonar

---

## I. Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins

### 1. Skilgreining á sjóðfélaga

#### Breyting á grein 3.2.

- 3.2. Óheimilt er að neita ~~manni~~ einstaklingi um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

#### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

- 3.2. *Óheimilt er að neita einstaklingi um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.*

#### Rökstuðningur:

Samræmt orðalag við grein 3.1. en í henni er kveðið á um einstaklinga.

#### Breyting á grein 3.3.

- 3.3. Sjóðfélagi er sá einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til tryggingadeildar sjóðsins og á hjá henni réttindi. Rétthafi er einstaklingur sem á hjá sjóðnum séreign. Þeir sem eiga inneign í séreignardeild og/eða réttindi í tryggingardeild teljast sjóðfélagar. Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast einnig sjóðfélagar. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín eða inneign að fullu.

#### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

- 3.3. *Þeir sem eiga inneign í séreignardeild og/eða réttindi í tryggingardeild teljast sjóðfélagar. Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast einnig sjóðfélagar. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín eða inneign að fullu.*

### Rökstuðningur:

Til einföldunar er lagt til að nota eingöngu hugtakið sjóðfélagar í stað sjóðfélagar/rétthafar. Sama tillaga á við um eftirfarandi greinar: 5.1., 5.2., 5.3., 7.3., 8.5., 8.6., 9.6., 9.8., 9.12., 15.2., 16.3., 16.5. 16.7. og 21.1.

Þá er skilgreint hverjir teljast sjóðfélagar.

Lagt er til að síðasti málsliður verði fluttur í grein 3.3. úr grein 3.4. þar sem hann þykir eiga betur við í grein 3.3. samhengisins vegna. Orðlagi breytt úr „í einu lagi“ í „að fullu“ þar sem það orðalag er talið skýrar um að réttindi eða inneign sé tæmd að fullu.

### Breyting á grein 3.4.

- 3.4. ~~Sjóðfélaga er heimilt Heimilt er~~ að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. ~~Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi eða rétthafi fær útborguð réttindi sín eða inneign í einu lagi.~~

### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

- 3.4. Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur.

### Rökstuðningur:

Varðandi heimildarákvæði í 1. málslið þá gildir það fyrir lífeyrissjóði en ekki sjóðfélaga. Er í samræmi við lög nr. 129/1997 og verklag byggt á Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða.

Eins og fram kom hér að framan er lagt til að síðasti málsliður verði fluttur í grein 3.3. úr grein 3.4. þar sem hann þykir eiga betur við í grein 3.3. samhengisins vegna.

## 2. Fyrirkomulag stjórnarkjör

### Breyting á grein 4.1.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrjá aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn vara- maður skal kosinn ~~á ársfundi sjóðfélaga~~ til þriggja ára í senn. ~~Aðalstjórn skal skipuð minnst þremur af hvoru kyni og skal varastjórn skipuð minnst einum af hvoru kyni. Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi.~~

### Viðbótargrein – þar sem málsliður er færður úr grein 4.1. í nýja grein 4.2.

- 4.2. Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar.

### Verði tillögurnar samþykktar, yrðu greinarnar svohljóðandi:

- 4.1. *Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrjá aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn vara- maður skal kosinn til þriggja ára í senn. Aðalstjórn skal skipuð minnst þremur af hvoru kyni og skal varastjórn skipuð minnst einum af hvoru kyni.*
- 4.2. *Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar.*

## Rökstuðningur við breytingar á greinum 4.1. og 4.2.

Tillögurnar veita meiri sveigjanleika við rafrænt stjórnarkjör enda með breytingunni ekki tilgreint hvað kosning geti staðið lengi. Eftir breytingu getur kosning átt sér stað fyrir og eftir fund sem og á fundinum, allt eftir því hvað ákjósanlegast er hverju sinni og í samræmi við reglur um rafræna atkvæðagreiðslu.

Viðbótartextinn snýr að því að bæta við ákvæði til upplýsinga fyrir sjóðfélaga um kynjahlutfall en framkvæmd sjóðsins hefur verið í samræmi við 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 þar sem tryggt er að hlutfall hvors kynsins sé ekki lægra en 40%.

Næstsíðasta setning greinar 4.1. verður að grein 4.2.

## Breyting - grein 4.1.a. felld niður

~~4.1.a. Þrátt fyrir ákvæði 4.1. skulu á ársfundi sjóðsins árið 2019 kjörnir þrír aðalmenn til þriggja ára og tveir aðalmenn til tveggja ára. Einnig skulu á ársfundi sjóðsins árið 2019 kjörinn einn varamaður til þriggja ára, einn varamaður til tveggja ára og einn varamaður til eins árs. Frá og með ársfundi sjóðsins árið 2020 skal hið nýja fyrirkomulag skv. gr. 4.1. gilda um stjórn sjóðsins. Verða þá kjörnir tveir stjórnarmenn til þriggja ára og einn varamaður til þriggja ára. Mun bráðabirgðaákvæði þetta falla úr gildi við það tímamark.~~

## Rökstuðningur:

Bráðabirgðaákvæði sem á ekki lengur við að loknum ársfundi 2020.

## Breyting – nýtt efni í grein 4.3.

4.3. Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef sjóðfélagi kys einn frambjóðanda fara öll atkvæði sjóðfélaga til þess frambjóðanda. Ef merkt er við tvo eða fleiri fá þeir öll atkvæði sjóðfélagens.

## Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

4.3. Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef sjóðfélagi kys einn frambjóðanda fara öll atkvæði sjóðfélaga til þess frambjóðanda. Ef merkt er við tvo eða fleiri fá þeir öll atkvæði sjóðfélagens.

## Rökstuðningur:

Tillagan er sett fram sjóðfélögum til glöggvunar en kosning hefur ávallt farið fram með meirihlutakosningu.

## Breyting á greinum 4.4.-4.11.

Númer málsgreinanna breytast.

## Rökstuðningur:

Gert vegna þess að einni málsgrein var bætt við.

## Breyting á greinum 4.12.-4.15.

Númerum er bætt framan við áður númerslausar málsgreinar.

## Rökstuðningur:

Gert til að gæta samræmis við aðrar málsgreinar samþykta þessara.

### 3. Leiðir til öflunar lágmarkstryggingaverndar

#### Breyting á grein 8.2.:

8.2. Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður ~~tvö kosti upp á tvær skyldusparnaðarleiðir~~ til öflunar lágmarkstryggingaverndar. Sjóðfélagar geta valið milli þessara ~~kosta leiða~~ við inngöngu í sjóðinn ~~auk þess sem þeir geta breytt um skyldusparnaðarleið fyrir framtíðariðgjöld. og sama gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku samþykktu þessara.~~ Ef nýr sjóðfélagi velur sér ekki sjálfur ákveðna ~~samtryggingarleið~~ skyldusparnaðarleið er hann sjálfkrafa settur í Frjálsu leiðina.

#### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

8.2. *Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður upp á tvær skyldusparnaðarleiðir til öflunar lágmarkstryggingaverndar. Sjóðfélagar geta valið milli þessara leiða við inngöngu í sjóðinn auk þess sem þeir geta breytt um skyldusparnaðarleið fyrir framtíðariðgjöld. Ef nýr sjóðfélagi velur sér ekki sjálfur ákveðna skyldusparnaðarleið er hann sjálfkrafa settur í Frjálsu leiðina.*

#### Rökstuðningur:

Tillaga um breytingu á skyldusparnaðarleið í stað samtryggingarleiðar er sett fram til samræmis við orðanotkun í markaðsefni. Viðleitni til að gera orðanotkun auðskiljanlegri fyrir sjóðfélaga. Sambærileg breyting á við um greinar 8.3., 8.4., 9.1., 10.5., 11.12., 11.13. ásamt kafla 1.b., töflu T1, T2 og T3 í viðauka.

Þá er sett fram tillaga að viðbótartexta um að eingöngu sé hægt að breyta skyldusparnaðarleið fyrir framtíðariðgjöld en ekki iðgjöld sem hafa þegar verið greidd, til samræmis við núverandi verklag.

Loks er texti sem átti við þegar samþykktirnar tóku gildi eftir lagasetninguna 1997 felldur niður þar sem hann á ekki við lengur.

#### Breyting á grein 8.7.

8.7. Iðgjöld sem greidd eru til tryggingadeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins veita réttindi sem falla að ákvæðum III. kafla laga nr. 129/1997. Greiðsla ellilífeyris úr tryggingadeild skv. Frjálsu leiðinni hefst við 70 ára aldur og skv. Erfanlegu leiðinni þegar sjóðfélagi er 82-85 ára, og er til æviloka. Réttindaöflun í tryggingadeild ræðst af aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds, upphæð iðgjalds og lengd iðgjaldsgreiðslna svo og upphafstíma lífeyrisgreiðslna. Töflur T1 og T2 kveða á um réttindi sem aflað er með innborgun iðgjalda og skoðast sem hluti af samþykktum þessum. Réttindaöflun samkvæmt töflu T1 er miðuð við aldur sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af til vísitölu neysluverðs til verðtryggingar fyrir þann mánuð sem lífeyrir er greiddur fyrir. Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldurskeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsendna, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. Í breytingum á samþykktum skal kveðið á um gildistöku dag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistöku dag hinna nýju taflna.

#### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

8.7. *Iðgjöld sem greidd eru til tryggingadeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins veita réttindi sem falla að ákvæðum III. kafla laga nr. 129/1997. Greiðsla ellilífeyris úr tryggingadeild skv. Frjálsu leiðinni hefst við 70 ára aldur og skv. Erfanlegu leiðinni þegar sjóðfélagi er 82-85 ára, og er til æviloka. Réttindaöflun í tryggingadeild ræðst af aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds, upphæð iðgjalds og lengd iðgjaldsgreiðslna svo og upphafstíma lífeyrisgreiðslna. Töflur T1 og T2 kveða á um réttindi sem aflað er með*

*innborgun iðgjalda og skoðast sem hluti af samþykktum þessum. Réttindaöflun samkvæmt töflu T1 er miðuð við aldur sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af til vísitölu neysluverðs til verðtryggingar fyrir þann mánuð sem lífeyrir er greiddur fyrir. Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldurs skeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsendna, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. Í breytingum á samþykktum skal kveðið á um gildistökudag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistökudag hinna nýju taflna.*

#### **Rökstuðningur:**

Bætt við til að gæta samræmis við fyrri hluta greinarinnar.

### **4. Ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar**

#### **Breyting á grein 9.1.**

9.1. Iðgjald til Frjálsa lífeyrissjóðsins er frjálst en lágmarksiðgjald (nú 12%) er tilgreint í 2. gr. laga nr. 129/1997, sbr. þó V. bráðabirgðaákvæði laga nr. 129/1997, sbr. lög nr. 167/2006. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ræðst af vali sjóðfélaga [á skyldusparnaðarleið](#) skv. grein 8.2.

#### **Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:**

9.1. *Iðgjald til Frjálsa lífeyrissjóðsins er frjálst en lágmarksiðgjald (nú 12%) er tilgreint í 2. gr. laga nr. 129/1997, sbr. þó V. bráðabirgðaákvæði laga nr. 129/1997, sbr. lög nr. 167/2006. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ræðst af vali sjóðfélaga á skyldusparnaðarleið skv. grein 8.2.*

#### **Rökstuðningur:**

Til frekari áherslu og útskýringa er viðbótartexta þessum bætt við.

### **5. Rafræn yfirlit**

#### **Breyting á grein 9.8.**

9.8 Eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum skv. þessari grein með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því, [eða ef lagaheimild er fyrir slíkum skilum](#).

#### **Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:**

9.8 *Eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir*

réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum skv. þessari grein með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því, eða ef lagaheimild er fyrir slíkum skilum.

#### Rökstuðningur:

Tillaga þessi er sett fram ef til þess kemur að lög heimili rafrænar sendingar yfirlita án sérstaks samþykkis sjóðfélaga.

## 6. Bráðabirgðaákvæði felld niður

### Breyting á grein 10.6.

- 10.6. ~~Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessarar greinar getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gildir ekki ákvæði 10.2. í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæði 10.2. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 10.4.~~

#### Rökstuðningur:

Texti felldur niður þar sem bráðabirgðaákvæði þetta á ekki lengur við vegna tímamarka.

### Breyting á grein 10.7.

- 10.7. ~~Samþykktarbreytingar í greinum 10.2, 10.5 og 10.6 taka gildi að fenginni staðfestingu ráðherra, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, þó eigi fyrr en 1. september 2018.~~

#### Rökstuðningur:

Texti felldur niður þar sem bráðabirgðaákvæði þetta á ekki lengur við vegna tímamarka.

## 7. Örorkulífeyrir

### Breyting á grein 11.3.

- 11.3. Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og bæta við áunninn örorkulífeyrisrétt. Við framreikning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarkstryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í fleiri en eina skyldusparnaðarleið á þriggja ára tímabilinu þá skiptist framreikningurinn hlutfallslega á milli leiðanna miðað við greidd iðgjöld í þær. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagsins óhagstætt vegna t.d. sjúkdóma eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. árslaunum, sbr. grein 9.15. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

**Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:**

11.3. Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og bæta við áunninn örorkulífeyrisrétt. Við framreikning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarkstryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í fleiri en eina skyldusparnaðarleið á þriggja ára tímabilinu þá skiptist framreikningurinn hlutfallslega á milli leiðanna miðað við greidd iðgjöld í þær. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagsans óhagstætt vegna t.d. sjúkdóma eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. árslunum, sbr. grein 9.15. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

**Rökstuðningur:**

Viðbótartexta þessum er bætt við sjóðfélögum til glöggvunar á hvernig framkvæmdin er.

**Breyting á grein 11.12.**

11.12 Örorkulífeyrir fellur niður við sнемmtöku ellilífeyris úr tryggingadeild sbr. gr. 10.2., eða við almennan ellilífeyrisaldur í þeirri ~~samtryggingarleið~~ ~~skyldusparnaðarleið~~ sem sjóðfélagi greiddi síðast til, eða þegar örorka er metin minna en 50% eða þegar sjóðfélagi hættir að verða fyrir tekjumissi sbr. gr. 11.4. og 11.8.

**Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:**

11.12. Örorkulífeyrir fellur niður við sнемmtöku ellilífeyris úr tryggingadeild sbr. gr. 10.2., eða við almennan ellilífeyrisaldur í þeirri skyldusparnaðarleið sem sjóðfélagi greiddi síðast til, eða þegar örorka er metin minna en 50% eða þegar sjóðfélagi hættir að verða fyrir tekjumissi sbr. gr. 11.4. og 11.8.

**Rökstuðningur:**

Miðað við núverandi orðalag ættu örorkulífeyrisgreiðslur úr Frjálsu leiðinni og/eða Erfanlegu leiðinni að falla niður þegar sjóðfélagi, sem á réttindi jafnframt í Tryggingaleiðinni, hefur töku ellilífeyris úr Tryggingaleiðinni við viðmiðunaraldur (67 ára). Það má færa fyrir því rök að slíkt sé ósanngjarnt og því lagt til að örorkulífeyrir úr Frjálsu leiðinni og/eða Erfanlegu leiðinni falli eingöngu niður við sнемmtöku ellilífeyris úr Tryggingaleiðinni, þ.e. ef sjóðfélagi sækir um að fá hann greiddan út fyrir viðmiðunaraldur.

## 8. Útreikningur ellilífeyrisréttinda hjá örorkulífeyrisþegum

### Breyting á grein 11.13.

11.13. Áunnin ellilífeyrisréttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku að viðbættum réttindum:

- a) vegna framreiknings í hlutfalli við örorkuprósentu hverju sinni.
- b) vegna greiðslu iðgjalda eftir fyrsta úrskurð örorku, en þó eingöngu vegna þess hluta iðgjaldsins sem er umfram það sem lagt var til grundvallar framreikningi, hlutfallað með örorkuprósentu sjóðfélaga við greiðslu iðgjaldsins.
- c) vegna greiðslu iðgjalda eftir 65 ára aldur, en þau skulu metin að fullu til greiðslu ellilífeyrisréttinda.

Ef áunnin ellilífeyrisréttindi ásamt framreikningsréttindum, ef við á, breytast eftir að taka örorkulífeyris hefst, þá hefur það áhrif til aukningar eða skerðingar réttinda.

Ellilífeyrisréttur sjóðfélaga sem notið hefur örorkulífeyris úr tryggingadeild skal ákveðinn þannig að auk áunninna réttinda skal reikna af þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um og vegna þess tíma sem sjóðfélagi hefur notið örorkulífeyris, réttindi vegna iðgjalda, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum vegna framreiknings. Ellilífeyrisréttur sem ákvarðast samkvæmt grein þessari þannig er ákveðinn reiknast samkvæmt þeirri samtryggingarleið skyldusparnaðarleið sem sjóðfélaginn greiddi síðast til og greiðist frá almennum ellilífeyrisaldri deildarinnar. Ellilífeyrisréttur sjóðfélaga úr tryggingadeild fyrir sjóðfélaga sem síðast greiddi til Erfanlegu leiðarinnar ákvarðast þó samkvæmt Frjálsu leiðinni.

### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

11.13. *Áunnin ellilífeyrisréttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku að viðbættum réttindum:*

- a) *vegna framreiknings í hlutfalli við örorkuprósentu hverju sinni.*
- b) *vegna greiðslu iðgjalda eftir fyrsta úrskurð örorku, en þó eingöngu vegna þess hluta iðgjaldsins sem er umfram það sem lagt var til grundvallar framreikningi, hlutfallað með örorkuprósentu sjóðfélaga við greiðslu iðgjaldsins.*
- c) *vegna greiðslu iðgjalda eftir 65 ára aldur, en þau skulu metin að fullu til greiðslu ellilífeyrisréttinda.*

*Ef áunnin ellilífeyrisréttindi ásamt framreikningsréttindum, ef við á, breytast eftir að taka örorkulífeyris hefst, þá hefur það áhrif til aukningar eða skerðingar réttinda.*

*Ellilífeyrisréttur sem ákvarðast samkvæmt grein þessari reiknast samkvæmt þeirri skyldusparnaðarleið sem sjóðfélaginn greiddi síðast til og greiðist frá almennum ellilífeyrisaldri deildarinnar. Ellilífeyrisréttur sjóðfélaga úr tryggingadeild fyrir sjóðfélaga sem síðast greiddi til Erfanlegu leiðarinnar ákvarðast þó samkvæmt Frjálsu leiðinni.*

### Rökstuðningur:

Tillagan lýtur að því að gera ákvæði þetta skýrara til samræmis við framkvæmd, sjóðfélögum til frekari glöggvunar. Með ákvæðinu er gert skýrt hvernig ellilífeyrisréttindi reiknast ef örorkulífeyrisþegi greiðir iðgjöld umfram iðgjöld sem voru lögð til grundvallar framreikningi. Einnig er gert skýrt að breytingar sem verða á áunnum og framreiknuðum réttindum eftir að taka örorkulífeyris hefst hefur áhrif til aukningar eða skerðingar á ellilífeyrisréttindunum.



## 9. Ráðstöfun innstæðu eða réttinda

### Breyting á grein 15.2.

- 15.2. ~~Rétthafa er óheimilt~~ Óheimilt er að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum skv. samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign við Frjálsa lífeyrissjóðinn, sbr. 8. gr. laga nr. 129/1997, nema með samkomulagi skv. 1.-3. tl. mgr. 14. gr. sömu laga.

### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

- 15.2. *Óheimilt er að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum skv. samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign við Frjálsa lífeyrissjóðinn, sbr. 8. gr. laga nr. 129/1997, nema með samkomulagi skv. 1.-3. tl. mgr. 14. gr. sömu laga.*

### Rökstuðningur:

Tillaga þessi miðar að því að samræma orðalag við lagatexta.

## 10. Tilhögun lífeyrisgreiðslna

### Breyting á grein 16.2.

- 16.2. Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Elli-lífeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár fjögur-ár sem reiknast frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði ~~og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, að teknu tilliti til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum,~~ er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærisk mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærisk árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

- 16.2. *Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Elli-lífeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, að teknu tilliti til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum, er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærisk mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærisk árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.*

**Rökstuðningur:**

Tillagan er gerð til samræmis við verklag annarra lífeyrissjóða sem úrskurða flestir örorku-, maka- og barnalífeyri 2 ár aftur í tímann. Um greiðslur ellilífeyris aftur í tímann fer eftir fyrningarlögum. Þá er ekki um að ræða sameiningu réttinda heldur horft til réttinda í öðrum sjóðum við mat á 1.500 kr. viðmiðinu.

**11. Endurgreiðsla til erlendra ríkisborgara****Breyting á grein 17.1.**

17.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða séreign og réttindi erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Til að mynda er óheimilt ~~Óheimilt er~~ að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópskra efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.

**Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:**

17.1. *Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða séreign og réttindi erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Til að mynda er óheimilt að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópskra efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.*

**Rökstuðningur:**

Tillaga þessi er sett fram í dæmaskyni, enda getur fleira fallið þarna undir t.d. milliríkjasamningur við Bandaríkin.

## II. Tillaga Halldórs Friðriks Þorsteinssonar, stjórnarmanns

### Breyting á grein 4.6.

- 4.6. Stjórn sjóðsins skal skipa endurskoðunarnefnd þar ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 108. gr. a. laga um ársreikninga nr. 3/2006, um ársreikninga og skal að minnsta kosti einn nefndarmaður ekki vera stjórnarmaður sjóðsins.

### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

4. 6. Stjórn sjóðsins skal skipa endurskoðunarefnd í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 og skal að minnsta kosti einn nefndarmaður ekki vera stjórnarmaður sjóðsins.

### Rökstuðningur:

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal eining tengd almannahagsmunum, s.s. lífeyrissjóður, skipa endurskoðunarnefnd þriggja einstaklinga. Um nefndarmenn segir svo í 108 gr. a:

*„Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningskila eða endurskoðunar“*

Í greinargerð með frumvarpi til laga varðandi endurskoðunarnefndir kemur fram að endurskoðunarnefnd sé eftirlitsnefnd, sem m.a. eigi að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga viðkomandi einingar.

Eftir því sem næst verður komist er Frjálsi lífeyrissjóðurinn eini lífeyrissjóður landsins sem skipar einungis stjórnarmenn í endurskoðunarnefnd. Að mati tillöguflytjanda tryggir slíkt fyrirkomulag ekki að endurskoðunarnefndin geti með nægjanlega trúverðugum hætti sinnt faglegu, óháðu og hlutlægu eftirliti.

### III. Tillögur Jónasar Fr. Jónssonar

#### Breyting á grein 4.1.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrjá aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn vara-  
maður skal kosinn árlega á ársfundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn. ~~Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli~~ Kosning til stjórnar skal fara fram með rafrænum hætti og ~~skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá~~ standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaðan kynnt á ársfundi. Í fundarboði ársfundar skal upplýst um framkvæmd rafrænna kosninga, reglur þar um og hverjir skipa kjörstjórn, sbr. grein 4.1.a.

Um stjórnarkjör gilda reglur um meirihlutakosningu, þannig að hver kjósandi getur kosið allt að þeim fjölda frambjóðanda sem kjósa á hverju sinni. Þeir teljast rétt kjörnir sem flest atkvæði fá, þó að gættum reglum um kynjakvóta, sbr. 29. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Um atkvæðisrétt til fer skv. grein 5.2.

#### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

4. 1. *Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrjá aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn vara-  
maður skal kosinn árlega til þriggja ára í senn. Kosning til stjórnar skal fara fram með rafrænum hætti og standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaðan kynnt á ársfundi. Í fundarboði ársfundar skal upplýst um framkvæmd rafrænna kosninga, reglur þar um og hverjir skipa kjörstjórn, sbr. grein 4.1.a.*

*Um stjórnarkjör gilda reglur um meirihlutakosningu, þannig að hver kjósandi getur kosið allt að þeim fjölda frambjóðanda sem kjósa á hverju sinni. Þeir teljast rétt kjörnir sem flest atkvæði fá, þó að gættum reglum um kynjakvóta, sbr. 29. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Um atkvæðisrétt til fer skv. grein 5.2.*

Lagt er til að við samþykktirnar bætist ný grein 4.1.a (en núverandi grein 4.1.a fellur niður á ársfundi 2020).

4.1.a. Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 31. desember ár hvert skipa þriggja manna kjörstjórn til að annast framkvæmd stjórnarkjörs fyrir komandi starfsár og innan sama frests setja reglur um störf kjörstjórnar og framkvæmd kosninganna. Reglur þessar og skipun kjörstjórnar skal birta á vefsíðu sjóðsins.

Kjörstjórn skal skipuð einstaklingum sem hafa góða þekkingu á reglum sem gilda um lífeyrissjóði og skulu ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn sjóðsins eða rekstraraðila né frambjóðendur til stjórnar eða varastjórnar á komandi ársfundi.

#### Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

- 4.1.a. *Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 31. desember ár hvert skipa þriggja manna kjörstjórn til að annast framkvæmd stjórnarkjörs fyrir komandi starfsár og innan sama frests setja reglur um störf kjörstjórnar og framkvæmd kosninganna. Reglur þessar og skipun kjörstjórnar skal birta á vefsíðu sjóðsins.*

*Kjörstjórn skal skipuð einstaklingum sem hafa góða þekkingu á reglum sem gilda um lífeyrissjóði og skulu ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn sjóðsins eða rekstraraðila né frambjóðendur til stjórnar eða varastjórnar á komandi ársfundi.*

#### **Rökstuðningur:**

Á ársfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins árið 2019 kom fram almennur vilji til þess að auka sjóðfélagalýðræði og viðhafa rafrænt stjórnarkjör, en slík framkvæmd stjórnarkjörs fer t.d. fram hjá lífeyrissjóði verkfræðinga og Eftirlaunasjóði atvinnuflugmanna.

Hér er lagt til að rafrænar kosningar til stjórnar skuli fara fram í stað þess að slíkt sé eingöngu heimilt. Gert er ráð fyrir því að stjórn sjóðsins setji nánari reglur um framkvæmd kosninganna og skipuð verði sérstök kjörstjórn til að annast framkvæmdina. Er til hliðsjónar horft til framangreindra lífeyrissjóða.

Dæmi um mögulegt efni slíkra reglna finna í meðfylgjandi viðauka, sem gerður var fyrir stjórnarmanninn Halldór Friðrik Þorsteinsson vegna tillögu hans um rafrænt stjórnarkjör 2020. Um umgjörð rafrænna kosninga má til upplýsinga einnig t.d. benda á reglugerð nr. 966/2018 um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár.

Þá er lagt til að í grein 4.1. komi fram að niðurstaða stjórnarkjörs þurfi að taka mið af ákvæðum laga nr. 129/1997 um kynjakvóta. Jafnframt er áréttað með beinum hætti sú regla sem gildir, að stjórnarkjör sé meiri-hlutakosning þar sem hver kjósandi geti kosið allt að þeim fjölda frambjóðanda sem kjósa á um hverju sinni.



## REGLUR UM FRAMKVÆMD STJÓRNARKJÖRS

### 1. Inngangur

Samkvæmt grein 4.1 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins er stjórn heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti. Þess skal þá getið í fundarboði aðalfundar og tilgreindar þær reglur sem gilda um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi.

Reglur þessar mæla fyrir um framkvæmd rafræns kjörs til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins og taka bæði til kosningar stjórnarmanna og varamanna (vísað til sem stjórnarmenn).

### 2. Skipan kjörstjórnar, ákvarðanatoka o.fl.

Framkvæmd stjórnarkjörs skal vera í höndum þriggja manna kjörstjórnar sem stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins skipar eigi síðar en 1. mars ár hvert, en þó er heimilt vegna ársfundar árið 2020 að skipa kjörstjórn eigi síðar en 1. apríl.

Kjörstjórnarmenn skulu ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn sjóðsins, starfsmenn rekstraraðila sjóðsins né frambjóðendur til stjórnar eða varastjórnar árið 2020. Þeir skulu vera sjóðfélagar og hafa góða þekkingu á reglum sem gilda um lífeyrissjóði. Stjórn ákveður hvernig hagað verður greiðslu þóknunar fyrir störf í kjörstjórn.

Kjörstjórn skal velja sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Heimilt er kjörstjórn að fela framkvæmdastjóra sjóðsins að sinna verkefnum í sínu umboði og einnig, ef þörf krefur, að leita til utanaðkomandi ráðgjafa en þá skal leitað samþykkis fyrir kostnaði.

Formaður boðar til funda kjörstjórnar með sannanlegum hætti og með a.m.k. tveggja sólarhringa fresta nema ríkar ástæður séu til skemmri frests. Kjörstjórn er ákvörðunarber ef tveir sækja fund en heimilt er að taka þátt í fundi í gegnum síma. Meiriháttar ákvörðun skal þó ekki tekin nema allir hafi átt þess kost að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum en falli atkvæði jöfn telst tillaga fallin.

Kjörstjórn skal halda fundargerð um fundi sína.

Á fulltrúum í kjörstjórn og þeim sem vinna verk fyrir kjörstjórn hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, rétthafa og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Að sama skapi ber fulltrúum í kjörstjórn að tryggja leynd þeirra gagna sem þeir fá í hendur og þagnarskylda gildir um. Þagnarskylda helst að loknu starfi.

### 3. Rafræn kosning og kjósendur

Kosning skal vera rafræn og byggjast á kjörskrá, sbr. grein 5.2 um atkvæðisrétt og atkvæðamagn í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins, sem kjörstjórn staðfestir.

Á kjörskrá skulu vera atkvæðisbærir sjóðfélagar og rétthafar Frjálsa lífeyrissjóðsins (kjósendur) og skal atkvæðamagn hvers þeirra fara eftir annars vegar inneign þeirra í séreignasjóði við næstliðin mánaðarmót fyrir dagsetningu aðalfundar og hins vegar hlutfallslegri inneign í tryggingadeild við næstliðin áramót. Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins skal gæta þess að dagsetning aðalfundar sé ákveðin m.t.t. gerðar kjörskrár og þess að framkvæmd rafrænnar kosningar tekur eina viku.

Sá einstaklingur sem telur sig ranglega ekki vera á kjörskrá getur sent kjörstjórn kæru þess efnis, en kjörstjórn skal úrskurða um kærana innan 24 klukkustunda frá því að hún berst henni. Kæur vegna kjörskrár verða berast kjörstjórn eigi síðar en 24 klukkustundum fyrir upphaf boðaðs aðalfundar.

Kosning skal fara fram í gegnum viðurkennt kosningakerfi sem uppfyllir viðunandi öryggisstig að mati kjörstjórnar og stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins. Viðkomandi kosningakerfi skal geta auðkennt viðkomandi kjósenda, skráð kosningabátttöku hans en varðveitt leynd um það hvernig hann ver atkvæði sínu og jafnframt talið greidd atkvæði.

Kjörstjórn eða fulltrúi úr kjörstjórn skal ganga úr skugga um, með aðstoð forráðamanna kosningakerfisins, að engin atkvæði hafi verið greidd í kerfinu áður en kjörfundur hefst. Því næst skal setja rafrænan kjörfund, en rafræn kosning skal standa í eina viku fyrir ársfund. Kjörstjórn skal lýsa kjörfundi lokið og vera viðstödd talningu atkvæða ásamt fulltrúum frambjóðenda sem þess óska.

Aðgengi að rafrænum kjörfundi fyrir kjósendur skal vera í gegnum heimasíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Kjósendur skulu auðkenna sig með rafrænu skilríki í gegnum síma eða með lykilorði sem þeir geta óskað eftir að Frjálsi lífeyrissjóðurinn sendi í heimabanka þeirra, en haldin skal skrá um slíkar óskir ef kanna þarf réttmæti kosningar. Ósk um lykilorð þarf að hafa borist skrifstofu Frjálsa lífeyrissjóðsins í síðasta lagi 24 klukkustundum fyrir upphaf boðaðs aðalfundar. Kjósandi ber sjálfur ábyrgð á því að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að geta nýtt sér atkvæðisrétt sinn.

Í kosningakerfinu skal vera kjörseðill með nöfnum þeirra frambjóðenda sem í kjöri eru og skal kjósandi geta greitt atkvæði með því að skila auðu eða greiða einum eða fleiri frambjóðendum atkvæði sitt, að hámarki þeim fjölda sem kjósa ber hverju sinni.

Sé kosningakerfið þannig úr garði gert að kjósandi geti endurskoðað hug sinn og framkvæmt kosningu oft en einu sinni, þá skal einungis gilt það atkvæði sem hann kastar síðast.

Öll kjörgögn skulu geymd í a.m.k. tvær vikur eftir að úrslit kosninga eru tilkynnt. Komi fram kæra, sbr. 5. gr. skulu þau geymd lengur með hliðsjón af lögvörðum hagsmunum kæranda.

#### **4. Helstu verkefni kjörstjórnar**

Kjörstjórn skal samþykkja kjörskrá atkvæðisbærra sjóðfélaga og rétthafa Frjálsa lífeyrissjóðsins, og afgreiða kærur vegna kjörskrár.

Kjörstjórn skal samþykkja kosningakerfi ásamt stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins. Jafnframt skal kjörstjórn sjá til þess að fyrir liggi lýsing á kosningakerfinu og virkni þess, bæði almennt og tæknilega, auk upplýsinga um öryggisstig.

Kjörstjórn skal samþykkja rafrænan kjörseðil og ganga úr skugga um að hann birtist með réttum hætti í kerfinu.

Kjörstjórn skal sjá til þess að haldin sé kynningarfundur með frambjóðendum eða fulltrúum þeirra um virkni kosningakerfis þar sem forráðamenn kosningakerfisins sitja fyrir svörum. Á fundinum skal einnig kynnt hvernig eyðing kjörgagna fer fram.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum og taka á móti framboðum sem berast til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins. Þá skal kjörstjórn úrskurða hvort frambjóðandi sé kjörgengur og hvort framboð hafi borist innan framboðsfrests.

Kjörstjórn skal auglýsa fyrirkomulag og framkvæmd rafræns stjórnarkjörs.

Kjörstjórn skal sjá til þess að frambjóðendur séu kynntir á vettvangi Frjálsa lífeyrissjóðsins þannig að jafnræðis sé gætt.

Kjörstjórn skal hafa yfirumsjón með framkvæmd kosningar og talningu atkvæða og úrskurða um kærur sem upp koma.

Formaður kjörstjórnar skal tilkynna úrslit stjórnarkjörs á ársfundi.

Kjörstjórn skal sjá til þess að kjörgögnum verði eytt þegar a.m.k. tvær vikur eru liðnar frá því að úrslit kosninga eru tilkynnt nema kæra hafi komið fram, sbr. 5. gr.

## 5. Kæra vegna kosninga

Kjósandi getur kært framkvæmd kosninga en slík kæra skal hafa komið fram innan þriggja sólarhringa frá því að úrslit kosninga voru framkvæmd.

Komi fram kæra skal fráfarandi stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins innan sólarhrings skipa þriggja manna úrskurðarnefnd og skal einn tilnefndur formaður og skal sá einstaklingur hafa málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Samhliða skipun úrskurðarnefndar skal þóknun nefndarmanna ákveðin.

Úrskurðarnefndinni skal heimilt að kalla eftir aðstoð ráðgjafa við störf sín. Þá skal ganga þannig frá málum að úrskurðarnefndin hafi fullan aðgang að kosningakerfinu og forráðamenn þess skulu veita nefndarmönnum þær upplýsingar um virkni kerfisins og framkvæmd kosninganna sem beðið er um.

Úrskurðarnefndin skal leitast við að úrskurða um kærana eigi síðar en sjö dögum eftir að hún hefur verið skipuð. Úrskurðarnefndin skal upplýsa eftirlitsstjórnvald um framkomna kæru og einnig um niðurstöður sínar.

## 6. Birting og breyting reglna

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Reglunum verður breytt af stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins með einföldum meirihluta atkvæða. Þeim verður þó ekki breytt eftir að framboð til stjórnar hafa komið fram nema með samþykki allra stjórnarmanna, að fenginni jákvæðri umsögn kjörstjórnar. Verði breyting við slíkar aðstæður skal það rökstutt sérstaklega og rökstuðningur birtur.

Samþykkt, \_\_\_\_\_ febrúar 2020.